

Menntaskóli Borgarfjarðar ehf.
Ársreikningur 2012

Menntaskóli Borgarfjarðar ehf.
Borgarbraut 54
310 Borgarnes

kt. 530606-0900

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnenda	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og stjórnenda

Tilgangur félagsins er rekstur menntaskóla í Borgarfirði. Kennsla í skólanum hófst á haustmánuðum 2007.

Á árinu 2012 var samþykktum félagsins breytt þannig að tekjuafgangi verði ekki ráðstafað til hluthafa heldur í þágu félagsins. Við þá breytingu var í kjölfarið sótt um undanþágu frá skattskyldu til Ríkisskattstjóra en staðfesting hefur borist á því að svo sé.

Á árinu störfuðu að meðaltali 20,5 starfsmenn hjá félaginu í 17,6 stöðugildum og námu laun og launatengd gjöld 107,1 millj. kr. Af þeirri fjárhæð voru 1,0 millj. kr. greiddar til skólastjórnar.

Undirritaður var í október 2012 samstarfssamningur við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri um tilraunakennslu náttúrufræðibrautar með búfræðisviði til stúdentsprófs.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu að fjárhæð 2,7 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í árslok nam 19,6 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til skýringa í ársreikningnum varðandi breytingar á eiginfjárreikningum.

Hlutfé félagsins nam 161,1 millj kr. í árslok 2012. Hluthafar í félaginu eru 157 í árslok 2012 og fækkaði þeim um einn frá fyrra ári. Í árslok 2012 átti einn hluthafi yfir 10% eignarhluta í félaginu, en hann er:

Eignarhlutur

Borgarbyggð 92,0%

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjórnar

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og skólameistara er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar og skólameistara að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2012.

Jafnframt er það álit stjórnar og skólameistara að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og skólameistari Menntaskóla Borgarfjarðar ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2012 með undirritun sinni.

Borgarnesi, 5. apríl 2013.

Stjórn:

Stjórnir
Geirsaug Johannsdóttir
Blinnu Kristín Þorgrímsdóttir
Sigríður Guðbj. Bjarnadóttir
Guðfrim Kristjánsdóttir

Skólameistari:

Kólfur Johannsdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Menntaskóla Borgarfjarðar ehf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Menntaskóla Borgarfjarðar ehf. fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2012, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Borgarnesi, 5. apríl 2013.

KPMG ehf.




Rekstrarreikningur ársins 2012

	Skýr.	2012	2011
Rekstrartekjur			
Rekstrarframlag ríkis		170.324.025	171.415.093
Tekjur frá nemendum		5.404.600	4.894.998
Sala mötuneyti		3.063.900	3.410.350
Önnur sala		518.956	286.480
Sérverkefni		1.982.360	1.963.523
Aðrar tekjur		2.003.542	1.276.202
		<u>183.297.383</u>	<u>183.246.646</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	2	109.379.492	102.704.374
Rekstur húsnæðis		47.776.549	46.400.167
Rekstur tölvukerfis, áhöld og símakostaður		4.496.119	13.949.631
Aðkeyptur akstur og rekstur bifreiða		1.510.017	1.799.103
Rekstur mötuneytis		3.293.504	2.841.065
Kennslutengdur kostnaður		1.487.785	1.039.861
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		6.221.333	4.793.277
Sérverkefni		1.985.334	2.038.124
		<u>176.150.133</u>	<u>175.565.602</u>
Rekstrarhagnaður án afskrifta, fjármunatekna og fjármagnsgjalda		7.147.250	7.681.044
Afskriftir	3	(5.203.167)	(6.366.512)
Rekstrartap án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		1.944.083	1.314.532
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Vaxtatekjur		1.373.651	892.569
Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur		(619.759)	(166.889)
Gengishagnaður		0	57.614
		<u>753.892</u>	<u>783.294</u>
Hagnaður ársins	4	<u>2.697.975</u>	<u>2.097.826</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2012

	Skýr.	2012	2011
Eignir			
Bífreið		50.632	91.138
Áhöld og tæki		8.854.117	12.563.903
Fastafjármunir samtals	3	8.904.749	12.655.041
Aðrar skammtímakröfur		4.986.941	7.533.337
Handbært fé		34.854.900	42.489.009
Veltufjármunir samtals		39.841.841	50.022.346
Eignir samtals		48.746.590	62.677.387
Eigið fé			
Hlutfé		161.117.500	161.117.500
Ójafnað eigið fé		(141.469.147)	(144.167.122)
Eigið fé samtals	4	19.648.353	16.950.378
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		14.095.981	27.043.845
Aðrar skammtímaskuldir		15.002.256	18.683.164
Skammtímaskuldir samtals		29.098.237	45.727.009
Eigið fé og skuldir samtals		48.746.590	62.677.387

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2012

	Skýr.	2012	2011
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins	4	2.697.975	2.097.826
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	3	5.203.167	6.366.512
Söluhagnaður		177.335	121.428
		Veltufé frá rekstri	8.585.766
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímaþrófur, lækkun (hækkun)		2.546.395	(7.177.820)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(16.628.769)	6.280.758
		Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum	(14.082.374) (897.062)
		Handbært fé (til) frá rekstri	(6.003.897) 7.688.704
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	3	(3.008.542)	(8.064.492)
Sala varanlegra rekstrarfjármuna		1.378.330	2.285.000
		Fjárfestingarhreyfingar	(1.630.212) (5.779.492)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé			
		(7.634.109)	1.909.212
Handbært fé í ársbyrjun		42.489.009	40.579.797
Handbært fé í árslok		34.854.900	42.489.009

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningur Menntaskóla Borgarfjarðar ehf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn, sem gerður er í íslenskum krónum, byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Innlausn tekna

Tekjur af skólagjöldum eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónusta er innt af hendi. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra eða tengdan kostnað.

c. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Áhöld og tæki	3-5 ár
Bifreiðar	3-5 ár

d. Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar bankainnstæður.

2. Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2012	2011
Laun	88.764.521	85.153.322
Launatengd gjöld	21.156.604	18.026.496
Stundakennsla	2.267.490	0
Hlutur sérverkefna í launum og launatengdum gjöldum	(2.809.123)	(475.444)
	<u>109.379.492</u>	<u>102.704.374</u>

Í árslok voru starfsmenn félagsins 21 talsins í 17,8 stöðugildum.

Laun og launatengd gjöld vegna skólameistara og skólastjórnar námu alls 12,3 millj. kr. árinu 2012.

Skýringar, frh.:

3. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Bifreið	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2012	202.530	23.881.700	24.084.230
Afskrifað áður	(111.392)	(11.317.799)	(11.429.191)
Bókfært verð 1.1.2012	91.138	12.563.901	12.655.039
Viðbót á árinu	0	3.008.542	3.008.542
Afskrifað á árinu	(40.506)	(5.162.661)	(5.203.167)
Fært út vegna sölu	0	(1.555.665)	(1.555.665)
Bókfært verð 31.12.2012	50.632	8.854.117	8.904.749
Heildarverð 31.12.2012	202.530	22.175.168	22.377.698
Afskrifað samtals	(151.898)	(13.321.051)	(13.472.949)
Bókfært verð 31.12.2012	50.632	8.854.117	8.904.749
Afskriftahlutföll	20%	20-30%	

Vátryggingarverð varanlegra rekstrarfjármuna nam 43,0 millj. kr. í árslok 2012.

4. Eigið fé

Hlutfé félagsins í árslok nemur 161,1 millj. kr. í árslok 2012. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2012	161.117.500	(144.167.122)	16.950.378
Hagnaður ársins		2.697.975	2.697.975
Eigið fé 31.12.2012	161.117.500	(141.469.147)	19.648.353

5. Skattamál

Félagið mun ekki greiða tekjuskatt á árinu 2013 vegna rekstrarársins 2012. Félagið hefur fengið staðfestingu frá Ríkisskattstjóra um að það sé undanþegið skattskyldu, en samþykktum þess var breytt á árinu 2012 til þess að það yrði heimilt.